



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Bakkavegi og Sæbakka, Bakkagerði, Borgarfirði eystri

Rannveig Þórhallsdóttir
2020

Forsíðumynd: Mynd frá sildarárunum úr eigu Guðlaugs Ingasonar, tekin af heimasíðu Borgarfjarðar eystri.



© Rannveig Þórhallsdóttir
Unnið fyrir Landmótun og Borgarfjarðarhrepp
Ágúst 2020

Efnisyfirlit

ABSTRACT	4
INNGANGUR.....	5
DEILISKIPULAGSSVÆÐIN.....	5
SKRÁNINGIN	5
NIÐURSTAÐA.....	10
HEIMILDIR	11

Abstract

Archaeological registration was done by Sagnabrunnur in May 2020 in two areas: Bakkavegur and Sæbakki in Borgarfjörður eystri, East-Iceland. In the area at Bakkavegur no historical evidence were found that indicated earlier habitation, nor any visual archaeological remains at the site. At Sæbakki historical documents (map of Bakki from 1917) indicates that there were houses at Bakkastekkur (two houses), Sæbakki (three houses) and Útskálar (two houses). Remains of only one of these houses, at Útskálar, are visible at the site. The other houses seem to be either under the newer houses at Bakkastekkur and Sæbakki, or have been torn down and the surface flattened. The other houses at Útskálar could be partly under a newer road. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to the Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.



Deiliskipulag. Kvarði 1:1500.

Mynd 1. Loftmynd frá Landmótun (f.h. Borgarfjarðarhrepps) af skipulagssvæðinu á Bakkavegi.



Mynd 2. Loftmynd frá Landmótun (f.h. Borgarfjarðarhrepps) af skipulagssvæðinu á Sæbakka.

Inngangur

Að beiðni Landmótunar (f.h. Borgarfjarðarhrepps) kannaði Rannveig Þórhallsdóttir hjá Sagnabrunni ehf. fornleifar vegna deiliskipulagstillögu fyrir Bakkaveg og Sæbakka í Bakkagerði á Borgafirði eystri (myndir 1 og 2). Jón Þórðarson var fulltrúi verkkaupa f.h. Borgarfjarðarhrepps. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Tilgangur fornleifaskráningarinnar er að kanna skv. þeim lögum heimildir og skoða deiliskipulagssvæðið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða geti leynst undir sverði.

Deiliskipulagssvæðin

Deiliskipulagssvæðin eru tvö, annars vegar Sæbakki og hins vegar Bakkavegur.

Deiliskipulagssvæðið við Sæbakka er 0,7 ha að stærð og er í dag að megninu til mói sem ekki hefur verið nýttur og eru slóðar og gamlir skurðir áberandi.

Innan deiliskipulagssvæðisins eru þrjú þegar byggð hús (Bakkastekkur, Sæbakki og óskráð hús/geymsla) og afleggjarar að þeim. Svæðið afmarkast til vesturs af Bakkavegi og til austurs af sjávarsíðu við vestanverðan Borgarfjörð eystri og til suðurs af litlum læk milli Bakkastekks og Svalbarðs.

Deiliskipulagssvæðið við Bakkaveg er 0,9 ha að stærð og er í dag að stórum hluta framræst tún og liggur framræsluskurður í gegnum túnið. Innan deiliskipulagsins er einnig núverandi gata og norðanmegin við hana standa tvö þegar byggð hús (Bakkavegur 7 og Bakkavegur 9).

Skráningin

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar og eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Engin fornleifaskráning hefur farið fram á deiliskipulagssvæðunum tveimur en fyrir liggur svæðisskráning sem Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir hjá Fornleifastofnun Íslands ses. gerðu árið 1999 *Menningarminjar í Borgarfirði eystri. Svæðisskráning*, nr. skýrslu FS074-98083. Sú skýrsla er eingöngu heimildaskráning og ekki farið á vettvang. Þar er ekki að finna heimildir um fornleifar á deiliskipulagssvæðinu.¹

Rannveig Þórhallsdóttir fór á vettvang dagana 24. og 30. maí 2020. Fornleifar voru skráðar inn með Trimble Geo7X og hlaut fornleifaskráningin nr. 2145 hjá Minjastofnun Íslands. Engar friðlýstar fornleifar eru á svæðinu, en heimildir fundust um sjö friðaðar fornleifar og þar af fannst ein greinanleg tóft við vettvangsskoðun. Eins og sjá má á mynd 3, loftmynd frá 1955, lá vegurinn á þeim tíma fyrir neðan íbúðarhúsin, nær sjónum. Skoðað var í heimildum hvort vegurinn gæti verið eldri. Samkvæmt bókinni *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* var unnið að

¹ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1999. Menningaminjar í Borgarfjarðarhreppi, bls. 24.

vegbótum á árunum 1950-1955, er því líklegt að vegurinn hafi verið gerður á þeim tíma,² hann er heldur ekki teiknaður inn á túnakort frá 1917.³ Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá íbúa sem alinn var upp í Bakkastekk, Eiríki Gunnþórssyni, Hafbliku á Borgarfirði eystra (f. 1940) var vegurinn að öllum líkindum lagður um 1945.

Heimildir fundust um eftirfarandi hús, sem voru öll grasbýli frá Bakka og eru nú horfin að frátalinni tóft að Útskálum. Sjá má staðsetningu fornleifa á deiliskipulagssvæðinu á mynd 6.

2145-1 *Heimild um húsið Bakkastekk* er að finna í *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*. Þar segir að Þorkell Jónsson hafi reist þar timbur-steinhús árið 1906⁴ og eftir hann börn hans; Björn, sem byggði þar steinhús árið 1928 og María dóttir Þorkels bjó þar til ársins 1966.⁵ Í Fasteignamati 1916-1918 var Þorkell skráður húseigandi að Bakkastekk og sagður útvegsbóndi á leigulóð. Mat á íbúðarhúsi með skúr var þar kr. 870, þar voru skráð tvö fjárhús metin á 60 kr.⁶ Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá Guðnýju Rögnu Gunnþórsdóttur, f. 1938, sem alin var upp í Bakkastekk (býr nú í húsinu sem reist var árið 1928) var nýrra húsið byggt ofan á gamla íbúðarhúsinu.

2145-2. *Heimild um fjárhús að Bakkastekk* er að finna í *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*.⁷ Áætluð staðsetning fjárhússins er merkt inn á mynd 6 (nr. 2).

2145-3. *Heimild um hús að Sæbakka*. Eldra íbúðarhús stóð við sjóinn. Egill Pétur Einarsson byggði timburhús að Sæbakka árið 1905⁸ og bjó þar með Aðalbjörgu systur sinni. Þau voru með þeim fyrstu [í þorpinu] sem ræktuðu tún og höfðu kú.⁹ Í Fasteignamati 1916-1918 var húseigandinn Aðalbjörg Einarssdóttir á leigulóðinni Sæbakka, þar var íbúðarhús með skúr metið á kr. 1470 kr. og önnur hús á kr. 269.¹⁰ Bjargsteinn Þórðason endurbyggði húsið að Sæbakka árið 1942¹¹ „uppi í túni“.¹² Varðveist hefur heimild um sprengingu að völdum tundurdufls að Sauðabana 4. apríl 1942¹³ en heimildamennirnir Anna Gústafsdóttir, f. 1943 og Pétur Reynir Björnsson, f. 1948, nú eigendur að yngra íbúðarhúsinu að Sæbakka, sögðu frá því við heimildaöflun á vettvangi að eldra íbúðarhúsið að Sæbakka hefði skemmt í sprengingu á stríðsárunum. Sagt er frá sprengingunni í *Nýja dagblaðinu* 10. apríl 1942.¹⁴

² Ármann Halldórsson, 1975. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*, bls. 363.

³ *Túnakort Bakka, Borgarfirði, Norður-Múlasýslu*. (1917). Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Höf. Sigmar B. Guttormsson. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

⁴ Í *Saga Borgarfjarðar eystra* segir hins vegar að timburhús, járnvarið, hafi verið reist 1904 og steinhús árið 1928. Magnús H. Helgason, 1999. *Saga Borgarfjarðar eystra*, bls. 315.

⁵ Ármann Halldórsson, 1975. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*, bls. 388.

⁶ *Fasteignamat Borgarfjarðar eystra*, 1916-1918.

⁷ Ármann Halldórsson, 1975. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*, bls. 388.

⁸ Í *Saga Borgarfjarðar eystra* segir hins vegar að húsið hafi verið reist árið 1904. Magnús H. Helgason, 1999. *Saga Borgarfjarðar eystra*, bls. 315.

⁹ Magnús H. Helgason, 1999. *Saga Borgarfjarðar eystra*, bls. 315.

¹⁰ *Fasteignamat Borgarfjarðar eystra*, 1916-1918.

¹¹ Ármann Halldórsson, 1975. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*, bls. 388.

¹² Magnús H. Helgason, 1999. *Saga Borgarfjarðar eystra*, bls. 315.

¹³ Eyjólfur Hannesson, „Tundurduflið í Sauðabana 4. apríl 1942.“ *Múlaþing* 5, 1970.

¹⁴ Nýtt dagblað 10. apríl 1942. „Tundurdufl sprakk í gær skammt frá íbúðarhúsinu Sæbakka í Borgarfirði eystra. Urðu nokkrar skemmdir á húsinu, en það var mannlaust er sprengingin varð. Annað tundurdufl sprakk skammt frá bænum Snotrunesi. Fyrir nokkrum dögum sprakk tundurdufl í fjöru fyrir miðju þorpinu á Borgarfirði og urðu miklar skemmdir á sláturhúsi Kaupfélagsins og rúður brotnuðu í nokkrum íbúðarhúsum.“

2145-4. Heimild um hesthús að Sæbakka sem stóð við sjóinn.¹⁵

2145-5. Heimild um hús að Sæbakka. Hlutverk óþekkt.

2145-6. Tóft og heimild um húsið Útskála, sem var byggt árið 1915 af Stefáni Þórðarsyni og aflagt milli 1930-1940. Út frá túnakorti Bakka frá 1917 má telja líklegt að tóftin sem sést á yfirborði deiliskipulagssvæðisins á Sæbakka geti verið það sem eftir stendur af einni af byggingunum sem stóðu að Útskálum. Eiríkur Gunnþórsson staðfesti þessa tilgátu í samtali við skýrsluhöfund.



Mynd 3. Horft norður yfir tóftina að Útskálum. Merki í baksýn. Sjá má nýrri veg sem liggur yfir tóftina að vestanverðu.

Á svæðinu þar sem Útskálur gætu hafa staðið er að sjá grasi gróna tóft á yfirborði

sem liggur S-N. Tóftin (sjá myndir 3, 4, 5 og 6) er um 11 x 4 m að stærð og hæð hennar um 70 cm. Hún virðist liggja að hluta undir yngri vegi á skipulagssvæðinu. Líklegt má telja að hitt húsið að Útskálum sem sést á túnakorti 1917 sé einnig undir veginum.

2145-7. Heimild um húsið Útskála, sem var byggt árið 1915 af Stefáni Þórðarsyni og aflagt milli 1930-1940.¹⁶ Það er talið hafa staðið miðja vega á milli Sæbakka og Merkis¹⁷ en túnakort Bakka frá 1917 segir þó aðra sögu. Þar sést að Stefán Þórðarson er merktur með landið næst Sæbakka, sjá nr. 6 á mynd 5. Í Fasteignamati 1916-1918 var Stefán Þórðarson útvegsbóndi skráður á leigulóð á Útskálum, íbúðarhús hans var metið á kr. 330 og fjárhús á 12 kr.¹⁸

Í *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* segir að húsið hafi verið ysta grasbýlið frá Bakka með sjónum og að þar hafi verið timburhús og síðar baðstofa.¹⁹ Í *Sögu Borgarfjarðar eystra* segir hins vegar að þar hafi verið torfbær sem hafi síðan verið endurbyggður að mestu um 1926 og rifinn 1935.²⁰

¹⁵ Magnús H. Helgason, 1999. *Saga Borgarfjarðar eystra*, bls. 315.

¹⁶ *Fasteignamat Borgarfjarðar eystra*, 1916-1918.

¹⁷ Magnús H. Helgason, 1999. *Saga Borgarfjarðar eystra*, bls. 323.

¹⁸ *Fasteignamat Borgarfjarðar eystra*, 1916-1918.

¹⁹ Ármann Halldórsson, 1975. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, II. bindi, bls. 388.

²⁰ Magnús H. Helgason, 1999. *Saga Borgarfjarðar eystra*, bls. 323.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættu mat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagi ldi	Varðveisl ugildi	Friðlý st?	Mótvægisadgerðir	ÍSNET HNIT
2145-1	Nr. 1 Heimild um hús að Bakkastekk.	1	Framkv.	Engin	Horfin	Byggt 1906.	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar mótvægisadgerðir aðrar en að staðsetja húsið á minjavefsjá.	739454, 568984
2145-2	Nr. 2 Heimild um fjárhús að Bakkastekk.	1	Framkv.	Engin	Horfin	Byggt 1906.	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar mótvægisadgerðir aðrar en að staðsetja húsið á minjavefsjá.	739452, 568980
2145-3	Nr. 3. Heimild um hús að Sæbakka	1	Framkv.	Engin	Horfin	Byggt 1905.	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engan mótvægisadgerðir aðrar en að staðsetja húsið á minjavefsjá.	739459, 569012
2145-4	Nr. 4. Heimild um hús að Sæbakka. Eldra íbúðarhús.	1	Framkv.	Engin	Horfin	Byggt 1905.	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engan mótvægisadgerðir aðrar en að staðsetja húsið á minjavefsjá.	739456, 569021
2145-5	Nr. 5. Heimild um hús að Sæbakka.	1	Framkv.	Engin	Horfin	Byggt 1905.	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engan mótvægisadgerðir aðrar en að staðsetja húsið á minjavefsjá.	73919, 569054
2145-6	Nr. 6. Tóft og heimild um hús að Útskálum	1	Framkv.	Talsve rð	Greini leg á yfirbo rði	1915-1930/40	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Tóft mæld upp.	739436, 569076
2145-7	Nr. 7. Heimild um hús að Útskálum	1	Framkv.	Engin	Horfin	1915-1930/40	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar mótvægisadgerðir aðrar en að staðsetja húsið á minjavefsjá.	739434, 569076



Mynd 4. Á myndinni má sjá þau hús sem stóðu árið 1955 á deiliskipulagssvæðinu á Sæbakka, nýrra íbúðarhúsið að Bakkastekk (1 á myndinni), hús að Sæbakka (nr. 2 á myndinni), líklega hesthúsin að Sæbakka (nr. 3 á myndinni), einnig má líklega sjá tóftir annars hússins að Útskálum (nr. 4 á myndinni) sem mældar voru upp.



Mynd 5. Á túnakorti Bakka frá 1917 má sjá að tvö hús stóðu að Bakkastekk (nr. 1 og 2), þrjú hús að Sæbakka (nr. 3, 4, 5) og tvö hús að Útskálum (nr. 6 og 7).



Mynd 6. Loftmynd frá Landmótun (f.h. Borgarfjarðarhrepps). Fornleifar á deiliskipulaginu að Sæbakka eru hér merktar inn með rauðum punktum og einni uppmældri tóft.

Niðurstaða

Engar fornleifar töldust í hæsta minja- og varðveisluflokki. Engar minjar né heimildir um eldri hús fundust á Bakkavegi. Heimildir fundust um sex byggingar að Bakkastekk, Sæbakka og Útskálum sem reyndust ýmist horfnar af yfirborði eða byggt hafði verið ofan á. Minjagildi þeirra horfnu bygginga var lítið (1). Að auki var ein greinanleg tóft, sem er líklega eitt af húsunum að Útskálum, sem taldist vera friðuð (eldri en 100 ára) og hafa lítið minja- og varðveislugildi (einkunn 1).

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er sú að nægjanleg varðveisla teljist vera að skrá heimildir um húsin á deiliskipulagssvæðunum sem um getur hér að framan. Það er þó ákvörðun Minjastofnunar Íslands með hvaða hætti varðveislu eða frekari rannsóknum skuli vera háttað.

Bent er á að allar minjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun, að nákvæmri fornleifarannsókn, s.s. könnunarskurðum. Þá er tekinn þverskurður í gegnum minjarnar, snið teiknað og ljósmyndað og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynleg. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Eyjólfur Hannesson, „Tundurduflið í Sauðabana 4. apríl 1942.“ Múlaþing 5, 1970.

Fasteignamat Borgarfjarðar eystra, (1916-18).

Landmælingar Íslands, loftmyndasafn á netinu. LI2-1857. Svæði 113, Bakkagerði. Tökudagur 01.08.1955. Flughæð 1400 metrar. Brennivídd linsu: 115,02. Stærð filmu 18x18). Sótt 27.05.2020 á www.lmi.is/kort.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Magnús H. Helgason (ritstj.). (1999). *Saga Borgarfjarðar eystra*. Söguhópurinn Borgarfjörður eystra.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Munnlegar heimildir á vettvangi þann 30.05.2020; Anna Gústafsdóttir, Pétur Reynir Björnsson, Guðný Ragna Gunnþórsdóttir, Eiríkur Gunnþórsson.

Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar í Borgarfirði eystri. Svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands ses. Skýrsla F S074-98083.

Túnakort Bakka, Borgarfirði, Norður-Múlasyýslu. (1917). Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Höf. Sigmar B. Guttormsson. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Vefheimild, sótt 1. júní 2020 af timarit.is. „Skemmdir af völdum tundurdufla“. *Nýtt dagblað*. 10. apríl 1942.